

Titill: Framhalds teikniáfangi

Heiti: MYNL2BT05

Námsgrein: Myndlist

Viðfangsefni: Teiknað með ýmsum áhöldum og miðlum.

Prep: 2. þrep

Einingarfjöldi: 5

Forkröfur: MYNL2AT05

Lýsing:

Aðalviðfang áfangans eru ólíkar nálganir og aðferðir teikningar með ýmsum verkfærum. Miðlar eru blý, blýantar, túss, pennar, blek, kol, krít, pastel og lítillaga eru notaðir litir. Vikulega vinna nemendur verkefni í kennslustund ásamt því að gera heimavinnuverkefni. Þetta hvoru tveggja er sent rafrænt til kennara til mats sem nemendur fá stuttu síðar.

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast innsýn í:

- hvernig hægt er að vinna með teikningu í ólíka miðla
- í hvaða ólíka tilgangi er hægt að nota teikningar
- hvernig er hægt að vinna skapandi vinnu með ýmsum teiknimiðlum

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- horfa og sjá – æfa sig og verða leikin í að teikna ólík viðfangsefni
- ná færni í að nota þá miðla sem kynntir eru í áfanganum
- sýna ljós og skugga og áferðir á ólíkan hátt með mismunandi miðlum
- innan ramma verkefnanna að tjá sig á skapandi hátt
- sjá möguleika til að beita teikningu á fjölbreytilegan hátt með ólíkum miðlum

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- horfa og sjá
- efla athygli og gagnrýna hugsun
- efla frumkvæði og sköpun
- njóta lista og menningar

Námsmat:

Annareinkunn samanstandur af vikulegum verkefnum sem unnin eru í kennslustund með þeim áhöldum sem kynnt hafa verið og vikulegum heimaverkefnum í skissubók, ásamt einni kynningu á samtímalistamanni sem unnin er á önninni. Nemendur fá mat á vikuverkefnunum jafnóðum. Síðustu vikur annar vinna nemendur sjálfstætt lokaverkefni út frá þema og nota eitthvað af þeim aðferðum og áhöldum sem þau hafa verið að kynna og vinna með á önninni.